

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá
Birni Val Gíslasyni um fjölda opinberra starfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa fjárlög fyrir árið 2014 haft áhrif á fjölda starfa í ráðuneytinu eða stofnunum sem undir ráðuneytið heyra? Ef svo er, hverjar eru breytingarnar og um hve mörg störf er að ræða?*
2. *Hvaða áhrif er áætlað að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015, verði það samþykkt óbreytt, hafi á fjölda starfa í ráðuneytinu eða stofnunum sem undir ráðuneytið heyra? Hverjar eru áætlaðar breytingar og um hve mörg störf er að ræða?*

Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum, landshlutum og kyni starfsmanna sem breytingarnar snerta.

Bein áhrif fjárlaga fyrir árið 2014 á fjölda starfa á aðalskrifstofu ráðuneytisins voru sem hér segir: Á skrifstofu menntamála var einum sérfræðingi sagt upp störfum og tveir starfsmenn fluttust yfir til Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar. Á upplýsinga- og fjármálasviði var einum sérfræðingi sagt upp störfum. Einn ritari á skrifstofu menningarmála fór úr 80% starfi í 50% starf. Auk þessa voru ekki framlengdir tímabundnir ráðningarsamningar tveggja sérfræðinga í hálfu starfi eins og til stóð. Í heild nemur niðurskurðurinn samtals 5,3 stöðugildum.

Hjá undirstofnunum ráðuneytisins fækkaði stöðugildum sem rekja má beint til áhrifa fjárlaga um samtals 45,2 á árinu 2014.

Ekki er fyrirjáanlegt að fjárlög fyrir árið 2015 muni hafa áhrif á fjölda starfa hjá ráðuneytinu umfram það sem þegar hefur orðið. Við vinnslu svarsins var óskað eftir því við stofnanir ráðuneytisins að þær létu ráðuneytinu í té áætlun um áhrif fjárlaga fyrir árið 2015 á starfsmannahald stofnananna miðað við að fjárlagafumvarpið yrði að lögum óbreytt en vert er að taka fram að rekstraráætlanir stofnana lágu ekki fyrir í öllum tilfellum og því getur gætt nokkurrar óvissu í svörum einstakra stofnana. Samkvæmt þeim svörum er ráðuneytinu bærust má gera ráð fyrir að störfum geti fækkað um allt að 53 ársstörf og sést skipting eftir stofnunum á eftirfarandi töflu.

Stofnun	Br. á stöðu- gildum 2015	Athugasemdir
Borgarholtsskóli	0	Dregið úr yfirvinnu
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	-6	
Fjölbautaskóli Snæfellinga	-2	
Fjölbautaskóli Suðurlands	0	Ekki ráðið í stöður er losna
Fjölbautaskóli Suðurnesja	0	
Fjölbautaskóli Vesturlands	0	Ekki fyriréð
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	0	Dregið úr yfirvinnu
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	0	
Fjölbautaskólinn við Ármúla	-8	Heilsárnemendum fækkar
Fjölmíðlanefnd		Hugsanlega fækkar um 1 starf í ág. 2015
Flensborgarskólinn	-0,25	
Framhaldsskólinn á Húsavík	-1	
Framhaldsskólinn á Laugum	0	Ekki ráðið í stöður er losna
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu		Ekki fyriréð
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	0	Dregið úr yfirvinnu
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum		
Gljúfrasteinn	0	
Háskóli Íslands		Niðurskuður í ýmsu formi.
Háskólinn á Akureyri	-8	
Háskólinn á Hólum	0	Ekki fyriréð
Hljóðbókasafn Íslands	1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði		Ekki fyriréð
Íslenski dansflokkurinn	0	
Kvennaskólinn í Reykjavík	-1	
Kvikmyndamiðstöð Íslands	-0,5	
Kvikmyndasafn Íslands	1	Eitt starf verður til á árinu 2015
Landbúnaðarháskóli Íslands		Ekki fyriréð
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-0,6	
Lánasjóður ísl. Námsmanna	0	
Listaháskóli Íslands	-4	Fimm mönnum sagt upp í nóv. 2014 og gert ráð fyrir einni ráðningu 2015.
Listasafn Einars Jónssonar	0	Ekki fyriréð
Listasafn Íslands	0	Ekki hægt að fastráða í 5 stöðugildi sem lausráðið er nú í.
Námsgagnastofnun	0	
Menntaskóli Borgarfjarðar	0,2	Aukning v/ br. nemendaigildum
Menntaskólinn að Laugarvatni	0	Ekki fyriréð
Menntaskólinn á Akureyri	-1,5	Fækkun ársnemenda
Menntaskólinn á Egilsstöðum	0	
Menntaskólinn á Ísafirði	-2	Fækkun ársnemenda
Menntaskólinn á Tröllaskaga	-2	Fækkun hópa
Menntaskólinn í Kópavogi	-3	
Menntaskólinn í Reykjavík	-2,5	Fækkun ársnemenda
Menntaskólinn við Hamrahlíð	0	Dregið úr yfirvinnu
Menntaskólinn við Sund		Ekki fyriréð
Miðstöð íslenskra bókmennta	-0,5	
Náttúruinjasafn Íslands		
Rannsóknarmiðstöð Íslands	1	
Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarsk	0	
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0	
Stofnun Árna Magnússonar	-1,5	
Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum	-1	
Verkmennaskóli Austurlands	-0,5	Ekki ráðið í stöður er losna, dregið úr yfirvinnu.
Verkmennaskólinn á Akureyri		Ekki fyriréð
Þjóðleikhúsið	-10	
Þjóðskjalasafn Íslands		Ekki tók á að fjölga þrátt fyrir þörf
Samtals	-52,65	